		Kr.	2800 00		35
	b. Innstæða í Landsbankanum . .	—	170 48	Kr.	2970 48
2.	Vextir á árinu 1896:				
	a. Af veðskuldabrjefum	—	112 00		
	b. Af innstæðu í Söfnunarsjóðnum .	—	0 46		
	c. Af innstæðu í Landsbankanum . .	—	5 45	—	117 91
				Kr.	3088 39

Gjöld:

1.	Styrkur veittur stúdentum			kr.	60 00
2.	Borgun fyrir viðskiptabók við Söfnunarsjóðinn . . .			--	1 00
3.	Eptirstöðvar við árslok 1896:				
	a. Veðskuldabrjef	kr.	2800 00		
	b. Innstæða í Söfnunarsjóðnum . .	—	200 46		
	c. Innstæða í Landsbankanum . .	—	26 93	—	3027 39
				Kr.	3088 39

III. *Minningarsjóður lektors Helga Hálfdánarsonar.*

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun 1896	kr.	400 00
2.	Gefið til sjóðsins árið 1896	—	140 00
3.	Vextir af innstæðu í Söfnunarsjóðnum	—	17 61
		Kr.	557 61

Gjöld:

1.	Verðlaunabækur gefnar stud. theol. Sigtryggi Guðlaugssyni fyrir	kr.	13 00
2.	Eptirstöðvar við árslok 1896: Innstæða í Söfnunarsjóðnum	—	544 61
		Kr.	557 61

Reykjavík 1. marz 1897.
Þórhallur Bjarnarson.

Brjef landshöfðingja *til bæjarfógetans á Ísafirði* **um endurgreiðslu á tolli af tóbaksvindlum.** 36 10. marz.

Þjer hafið, herra bæjarfógeti, með þóknanlegu brjefi, dagsettu 2. jan. þ.á., sent mjer beiðni Jóns Laxdals, verzlunarstjóra Leonh. Tangs verzlunar á Isafirði, um að verzlun þessari verði endurgoldinn tollur af 25 hundruðum vindla, sem fluttust til Ísafjarðar með gufuskipinu »Vesta« 8. desbr. f. á., en höfðu ónýtzt algjörlega á leiðinni, með því að steinolía hafði komizt í þá, og hafið þjer látið þess getið, að sanngirni virðist mæla með því að hin umrædda tollupphæð verði endurgreidd.

Útaf þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir Jóni verzlunarstjóra Laxdal, að, með því að lög nr.

9. dag aprílmán. 1897.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja 1897.

36 11, frá 11. febrúar 1876, um aðflutningsgjald af tóbaki, eigi veita heimild til að
10. marz. endurgreiða toll af tóbaki, sem innheimtur hefnr verið á löglegan hátt, þá getur ofannefnd beiðni eigi orðið tekin til greina.

37 **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins í Suðuramtinu og Vesturamtinu* **um**
17. marz. **endurveiting hlunninda fyrir sparisjóð.** — Út af beiðni sem hingað hefir borizt beina leið frá forstöðunefnd sparisjóðsins í Ólafsvík, vil jeg hjermeð veita nefndum sjóði um 5 ára tímabil frá 1. apríl þ. á. að telja hlunnindi þau, sem ræðir um í tilsk. 5. janúar 1874 með þeim skilyrðum, *að* trygging sú, sem sparisjóðurinn nú veitir, ekki rýrni, *að* ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og *að* forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningum sjóðsins í því formi, er landshöfðingi fyrirskipar. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, er verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra amtmaður, hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir forstöðunefnd tjeðs sparisjóðs.

38
24. marz

Samþykkt
um
afnám fiskiveiðasamþykktar.

Sýslunefndin í Vestmannaeyjasýslu hefir samkvæmt lögum 14. des. 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, gjört eptirfylgjandi

Samþykkt
um
afnám á samþykkt, 20. maí 1893, um ýmisleg atriði er snerta fiskiveiðar á opnum skipum í Vestmannaeyjasýslu, og á samþykkt 27. júní 1894, um breytingar á tjeðri samþykkt.

Samþykkt um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum í Vestmannaeyjasýslu, dags. 20. maí 1893, og samþykkt um breyting á tjeðri samþykkt 27. júní 1894, eru hjermeð úr gildi felldar.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest af undirskrifuðum amtmanni, og skal hún öðlast gildi 1. júní 1897.

Þetta er hjermeð kunngjört öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Suðuramtið, Reykjavík 24. marz 1897.
J. Havsteen.